

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu.

Hinn 9. október 1996 voru gerðar bókanir um breytingu á bókun B og um breytingu á 16. gr. og VII. viðauka við samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Slóveníu frá 13. júní 1995, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1996.

Tilkynnt verður um gildistöku bókananna síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands.

Sameiginleg nefnd EFTA og Tékklands tók á árinu 1996 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands frá 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, 6/1993 og 57/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/96	15.10.1996	Breyting á II. viðauka varðandi fisk	15.10.1996
2/96	15.10.1996	Breyting á I. viðauka varðandi tilteknar vörur sem samningurinn gildir ekki um	15.10.1996
3/96	15.10.1996	Framlenging undanþágu frá ákvæði í 23. gr. bókunar B	15.10.1996
4/96	15.10.1996	Breyting á bókun B	01.01.1997
5/96	15.10.1996	Breyting á bókun C varðandi tolla	Hefur ekki öðlast gildi
6/96	15.10.1996	Niðurfelling á V. viðauka	15.10.1996
7/96	15.10.1996	Breyting á VI. viðauka varðandi tolla á útflutningsvörur	15.10.1996
8/96	15.10.1996	Breyting á 12. gr. og X. viðauka varðandi tæknilegar reglugerðir	Hefur ekki öðlast gildi
9/96	15.10.1996	Breyting á 40. gr. varðandi vörslu samningsins	Hefur ekki öðlast gildi
10/96	29.11.1996	Niðurfelling III. viðauka varðandi tolla á innflutning	01.01.1997
11/96	23.12.1996	Breyting á bókun A varðandi unnar landbúnaðarvörur	01.01.1997

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

31. desember 1996

Nr. 29

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árunum 1994 og 1995.

Sameiginlega EES-nefndin tók 44 ákvarðanir á árinu 1994 og 75 ákvarðanir á árinu 1995 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn er birtur. Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
1/1994	08.02.1994	Starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar.	1. hefti, 1994, bls. 1	08.02.1994	08.02.1994
2/1994	08.02.1994	Breyting á bókun 1, um altæka aðlögun.	1. hefti, 1994, bls. 4	01.07.1994	01.07.1994
3/1994	08.02.1994	Breyting á bókun 21 við EES samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki. (Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992.)	1. hefti, 1994, bls. 5	01.07.1994	01.07.1994
4/1994	08.02.1994	Breyting á bókun 30 við EES-samninginn, um samvinnu á sviði hagskýrslugerðar. (Ákvörðun ráðsins 93/464/EBE frá 22. júlí 1993 um rammaáætlun fyrir forgangsverkefni á sviði hagskýrslugerðar 1993-1997.)	1. hefti, 1994, bls. 6	01.05.1994	01.08.1994
5/1994	08.02.1994	Breyting á bókun 37 og VII. viðauka við EES-samninginn.	1. hefti, 1994, bls. 10	01.05.1994	01.08.1994
6/1994	08.03.1994	Breytingar á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur.	2. hefti, 1994, bls. 1	01.01.1994	25.07.1994
7/1994	21.03.1994	Breyting á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn. (Viðbótarpakki með þeim breytingum sem nauðsynlegt var að gera á EES-samningnum til að bæta við nýjum EB-gerðum frá viðmiðunardegi samningsins, 31. júlí 1991, og fram til gildistöku hans 1. janúar 1994)	17. hefti, 1994, bls. 1	01.07.1994	01.07.1994